

# Kennsluáætlun í íslensku, 4. bekkur

Hæfnisviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, **talað mál, hlustun og áhorf, lestur, ritun og málfræði**. Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu og vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að glæða áhuga nemenda og auka skilning þeirra á því, að íslenskunám er ein heild.

Námsáætlun gerir ráð fyrir að unnið sé að markmiðunum í öllum greinum íslenskunnar. Markviss samþætting er í íslensku og samfélagsfræði.

Einstaklingsmiðað nám er í íslensku og nemendur eru á ólíkum stöðum í námsefninu.

Tímabil	Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Námsþættir/ viðfangsefni	Námsefni/kennslugögn	Leiðir	Námsmat
Jan- jún	<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> <ul style="list-style-type: none"><li>beitt skýrum og áheyrilegum framburði</li><li>hlustað og tekið vel eftir þegar aðrir tala</li><li>átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</li><li>tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</li></ul> <b>Lestur/Bókmenntir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</li><li>nýtt orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, þekkingu og reynslu</li></ul>	Upplestur, samlestur, kórlestur, umræður, endursögn og orðskýringar.  Orðaforði, orðatiltæki, sögur, fræðitexti og ævintýri.	Litla upplestrarkeppnin. Sögur og ritun tengd sögurammanum „Japan“ í náttúru- og samfélagsfræðigreinum.  Lestarbækur við hæfi hvers og eins. Lesrún 2, vinnubækur, stílabækur og verkefnablöð. Læsisverkefni. Spil.	Upplestur, lestur í hljóði, sögugerð og ritun.  Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, umræður.  Lesi og vinna með mismunandi texta, hugtakagreiningu.	Lesfimiþróf.  Lesskimunarþróf – Orðarún  Lesfimi.  Einstaklingsverkefni í skriflegri endursögn sögu.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu og lesið sér til ánægju og skilnings</li> </ul> <p><b>Ritun</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,</li> <li>• beitt einföldustu stafsetningarreglum,</li> <li>• samið sögu með upphafi, meginmáli og niðurlagi.</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu.</li> </ul> <p><b>Málfræði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og búið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,</li> <li>• þekkt bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</li> <li>• <i>raðað í stafrófsröð</i></li> <li>• þekkt sérnöfn, samnöfn, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, og bent á þau í eigin texta,</li> <li>• gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að skrifa og tala rétt mál.</li> </ul>	<p>Tengd skrift, halli og hlutföll. Afritun á texta. Sögugerð og endursögn.</p> <p>Sérhljóðar, samhljóðar, samheiti, andheiti, nafnorð, samnöfn, sérnöfn, samsett orð, stór og lítill stafur, lýsingarorð, sagnorð,greinarmerki, setning, málsgrein.</p>	<p>Skrift 5 og 6 Stílabók.</p> <p>Ritrún 3. Stílabók. Verkefnablöð. Málsgreinar og mas.</p> <p>Unnið með málfræði, stafsetningu og lesskilning í læsistímum.</p>	<p>Æfa vandaða tengiskrift í öllum verkefnum. Æfa/Vanda stafsetningu í verkefnum.</p> <p>Einstaklings-, para- og hópavinna. Útikennsla</p>	<p>Heimaverkefni í Réttritun, skrift og sögugerð. Einstaklingsverkefni í réttritun.</p> <p>Ýmis málfræðiverkefni.</p>
--	---	--	--	--	---

Kennsluáætlun er byggð á Aðalnámsskrá grunnskóla 2013, birt með fyrirvara um breytingar.